

ÍSLENSK ÆTTLEIÐING

ICELANDIC ADOPTION SOCIETY

Laugavegur 28, Box 1377, 121 Reykjavík - ICELAND Tel: (354) 1 14280

FRÉTTABRÉF

Reykjavík 20. febrúar 1992

Góðir félagar.

Með þessu fyrsta fréttabréfi ársins 1992 fylgir gíróseðill vegna árgjaldsins. Vonum við að flestir bregðist fljótt við og greiði seðilinn nú þegar því fjárhagur félagsins er bágur eins og oftast. Tafir á ættleiðingum frá Indlandi síðasta ár og fáar nýjar umsóknir á biðlistann vegna þessara tafa og einnig vegna upphafs glasafrrjógvana á Íslands (þær eru þó vissulega jákvæð þróun) hafa slæm áhrif á fjárhag okkar. Stjórnin tók þá ákvörðun að halda skrifstofunni opinni þrátt fyrir þetta en án launaðs starfsmanns. Við viljum hvetja fólk til að standa saman, fjölmennt er félagið sterkara og veitir ekki af. Mörg verkefni eru framundan.

Greiðið því gíróseðilinn strax og munið að tveggja ára skuld þýðir í raun úrsögn úr félaginu samkvæmt lögum þess. Árgjaldið er óbreytt frá síðasta ári, kr. 3.000.-.

Frá **CALCUTTA** er það helst að fréttu að 8. febrúar s.l. sagðist Chandana í símtali bíða enn eftir endurnýjun starfsleyfis. Hún hefur sótt um bráðabirgðarleyfi auk venjulegs starfsleyfis, en m.a. vegna breytinga í Delhi hefur ekkert gengið. Þar er verið að setja á stofn skrifstofu -**CARA**- sem mun stjórna ættleiðingum í öllu Indlandi. Óljóst er hver áhrif þessi breyting hefur á ættleiðingar og hvernig **CARA** er ætlað að vinna en vonandi skýrast málin fljótlega. Chandana hefur í vetur eingöngu sinnt ættleiðingum innan Indlands en er ákveðin í að halda áfram starfi sínu og samstarfi við Í.Æ. um leið og starfsleyfi fæst.

THAILAND - unnið er að fyrstu umsóknum þangað og verða þær sendar á næstunni. Ekki er þó von á börnum þaðan fyrr en á næsta ári. Mikil vinna er framundan við vinnslu leiðbeininga og ýmissa ættleiðingarskjala varðandi Thailand. Í nóvember var sent fréttabréf með helstu upplýsingum til biðlistafólks og það beðið að svara spurningalista.

Beiðjum við þá sem enn hafa ekki svarað að senda okkur svörin hið fysta, en innan við 10 umsóknir til Thailands hafa borist og eru fleiri velkomnir á listann. Þeir sem vilja fá umrætt fréttabréf sent hringi á skrifstofuna.

BIÐLISTI. Um 30 hjón eru virk á lista sem stendur en auk þeirra eru 9 hjón sem lengi hafa verið óvirk á lista, þ.e. hleypt fram fyrir sig, ekki svarað bréfum o.þ.h. Breyting á biðlistagjaldi er fyrirhuguð þannig að aukinn kostnaður skiptist á fleiri greiðslur en óafturkræfur fyrsti hluti hækkar ekki á næstunni. Við höfum fyrir því góðar heimildir að kostnaður við ættleiðingu sé nokkuð minni á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum.

STYRKARSJÓÐUR Íslenskrar Ættleiðingar sendi beiðni um framlög til allra félagsmanna í janúar, en fá svör hafa borist. Sjóðurinn er óháður rekstri félagsins og öll framlög hafa farið til hjálparstarfs á vegum stofnunar Chandana Bose sem hún rekur að beiðni indverskra yfirvalda og jafnframt undir eftirliti þeirra.

Helstu verkefni eru nokkrir fæðugjafaskólar í verstu fátækrahverfunum þar sem börnin koma í skólann og læra vegna þeirrar hvatningar sem góður miðdegisverður er þeim sem ekkert eiga og annars sofna svangir. Börnin hafa mun betri möguleika á atvinnu kunni þau eitthvað í lestri og skrift en þau eru of fátæk til að ganga í venjulega skóla. Einnig rekur Chandana stofnun fyrir fötluð börn og aðra fyrir vangefna, dagheimili fyrir börn fátækra kvenna sem þar með hafa möguleika á að vinna fyrir sér og fjölskyldum sínum, styrkir sjúkrahús fyrir fátæklinga og fleiri verkefni. Á næstunni gæti verkefnum hjálparsjóðsins fjölgað, líklega fáum við beiðni frá Thailandi og þeim löndum sem félagið mun vinna með í framtíðinni.

Við getum öll gefið eitthvað til hjálpar blásnauðu fólki erlendis, annað hvort með reglulegum greiðslum á greiðslukortum eða framlagi á reikning styrktarsjóðsins þegar vel stendur á. Reikningurinn er í Landsbankanum í Þorlákshöfn, tékkareikningur nr. 4664.

JÓLABALLIÐ var fjölsótt að vanda, 103 börn komu í fylgd foreldra og skemmtu sér vel. Kaffihlaðborðið var ákaflega girnilegt, þökk sé myndarlegum félagskonum sem gáfu allar tertur. Nokkur ágóði var af jólaballinu og viljum við geta þess vegna þeirra sem fannst aðgangseyrir hár, að við teljum ekki réttlátt að félagar utan Reykjavíkursvæðisins greiði kostnað við skemmtanir sem þeir eiga ekki möguleika á að sækja heldur standi þær undir sér.

AÐALFUNDUR

Síðasta starfsári lauk með fremur fámennum aðalfundi þann 16. nóvember:

Gestur Pálsson barnalæknir flutti mjög áhugavert erindi og sagði frá ættleiðdum börnum sem komið hafa til Íslands síðustu 10 ár. Í stuttu máli voru niðurstöður þær að heilsufar og ástand barnanna hafi yfirleitt verið gott og mun betra en búast mætti við. Nákvæm læknisskoðun við komu þeirra til landsins ásamt viðeigandi aðgerðum sé eitthvað að, hjálpar mikið auk þess að gefa ýmsar gagnlegar upplýsingar. Við höfum hug á að koma helstu atriðum úr erindi Gests á blað og senda þeim sem áhuga hafa, en þetta er ekki tilbúið.

Í skýrslu formanns kom fram m.a. að sótt var um styrki til ýmissa aðila svo sem fjárlaganefndar Alþingis, félagsmálaráðuneytis og stærri sveitarfélaga, en því miður hafa aðeins borist fá svör og öll neikvæð. Síðsumars eygði stjórnin möguleika á að senda fulltrúa til viðræðna við Chandana þegar sækja átti börn til Calcutta. Við athugun kom í ljós að viðkoma í Thailandi kostaði ekki meira en ferð beint til Calcutta og fóru Olga og Guðrún til Bangkok til að kynna yfirvöldum ættleiðingarmála Ísland og félagið Ísenska Ættleiðingu. Kostnaður félagsins var einn farseðill og upphald, foreldrar barnsins sem þær fylgdu heim borguðu hinn farseðilinn. Basarmunir, keyptir í ferðinni og seldir á fjölskyldufundi komu upp í kostnað að hluta. Niðurstaða fundanna varð jákvæð og dómsmálaráðuneytið hefur samþykkt sambandið og eru fyrstu umsóknir í vinnslu.

Reikningar félagsins voru lagðir fram og samþykktir.

Stjórn er þannig skipuð:

Ingibjörg Birgisdóttir formaður,
Jónína Magnúsdóttir varaformaður,
Olga Stefánsdóttir gjaldkeri,
Hrönn Ríkharðsdóttir ritari og
Guðrún Sveinsdóttir meðstjórnandi.

Varamenn:

Rósa Friðriksdóttir og Andrea Rafnar.

Skemmtinefnd skipa:

Herdís Hallgrímsdóttir,
Ásta Birna Stefánsdóttir og
Ásta Búadóttir.

Fjáröflunarnefnd skipa:

Guðrún Brynja Bárðardóttir og
Helga Hjaltadóttir.

Endurskoðendur eru:

Engilbert Valgarðsson og
Sigurður Karlsson.

Við þökkum fráfarandi stjórnar- og nefndarmönnum vel unnin störf í þágu félagsins.

Skýrslu formanns frá síðasta aðalfundi og reikninga félagsins má panta á skrifstofunni.

DAGSKRÁ ÁRSINS verður sem hér segir:

- Hugmyndir eru um opið hús með vorinu. Við hittumst og spjöllum óformlega í einhverjum vinalegu sal. Nánar auglýst síðar.
- Árleg útilega er á dagskrá 10. til 12. júlí að Heimalandi undir vestur-Eyjafjöllum. Þar er félagsheimili og tjaldstæði með ágætri aðstöðu og sundlaug stutt frá. Skipuleggið nú sumarleyfið með það í huga að dvelja á Suðurlandi þessa helgi og leyfið börnunum að hitta önnur kjörbörn.
- Fjölskyldufundur er fyrirhugaður í september og verður vonandi jafn fjölsóttur og sá síðasti. Við reynum að hafa þá eitthvað til fjáröflunar.
- Aðalfundur verður í október eða nóvember og einhver fræðsla samhliða eins og venjulega.
- Jólaball milli jóla og nýárs.

Stjórnin vill leggja aukna áherslu á **fréttabréf** þannig að þau verði ýtarlegri og send út 6 sinnum á ári. Þessu fylgir aukinn kostnaður og mikil vinna en verður vonandi til ánægju, sérstaklega fyrir þá félagsmenn sem ekki eiga þess kost að mæta á aðalfundi og aðrar samkomur í Reykjavík.

Indversk stjórnvöld efna til ráðstefnu fyrir erlend ættleiðingarsamtök og indverskar stofnanir í apríl. Höfum við fengið bréf um ráðstefnuna sem virðist vel skipulögð og mjög áhugaverð. Stjórnin íhugar nú hvort senda eigi fulltrúa til Delhi, sem myndi þá jafnframt kynna okkur hjá CARA, hinni nýju miðstýringarskrifstofu ættleiðinga, hitta Chandana og helst leita annarra sambanda á Indlandi í ferðinni.

Norðurlandþing ættleiðingarsamtaka verður í vor. Við höfum lengi haft áhuga á að taka þátt, að fá fræðsluefni og kynnst starfi hinna félaganna. Þátttaka í Norðurlandasamtökum gæti líka styrkt okkur í sessi gangvart íslenskum stjórnvöldum sem væri til góðs.

Öflun nýrra sambanda er alltaf á döfinni og frá **Rúmeníu** eru þær fréttir að yfirvöld eru að vinna að nýrri löggjöf í samráði við ensk yfirvöld og stefna að því að breytingar verði tilbúnar fyrir 1. apríl.

Indlandsfarar munið að senda skýrslur um börnin eins og þið hafið skuldbundið ykkur til við dómstólinn í Calcutta. Einnig þarf að senda þangað upplýsingar um endanlega ættleiðingu og íslenskan ríkisborgararétt þegar þau bréf berast ykkur frá dómsmálaráðuneytinu. Sendið ljósrit af bréfunum til skrifstofu Í.Æ. Skýrslurnar skal senda á þriggja mánaða fresti fyrstu tvö árin og síðan á sex mánaða fresti í þrjú ár eftir það. 3-4 myndir þurfa að fylgja hverri skýrslu. Þetta er mjög mikilvægt. Við viljum líka benda á að félagið verður að senda a.m.k. tvisvar árlega upplýsingar um börn sem hafa komið til Íslands ásamt ýmsu öðru sem Indverja fýsir að vita um ættleiðingar á hverjum tíma.

Þeir sem eiga nú **VILYRÐI** til ættleiðingar eru beðnir að fylgjast með hvenær þau renna út, og sækja um framlengingu áður en það skeður. Því miður bíða svo margir á Indlandslistanum að ekki fara fleiri af stað með pappíra þangað í bili.

Skrifstofan á Laugavegi 28 er opin á mánudögum kl. 14 - 16 og á fimmtudögum kl. 10 - 12 og síminn er 91-14280. Á þriðjudögum kl. 20 - 22 er símatími í síma 91-18842. Einnig er hægt að pantast viðtal á öðrum tíma ef þessi hentar alls ekki.

Kveðja,

Stjórnin